

Ed.

143. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1946 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1946.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðs hluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a :

Frumvarp þetta leggur til, að framlengd verði heimild sú, sem nú gildir skv. lögum nr. 18 1945, til að innheimta ýmis gjöld með viðauka.